

Nefndarsvið Alþingis,  
efnahags- og skattanefnd.  
Austurstræti 8-10.  
150 Reykjavík.

25. júní 2009.

**Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009. Þskj. 155 - 118. mál.**

Framangreint frumvarp er til meðferðar hjá háttvirtri efnahags- og skattanefnd Alþingis. Nefndin hefur ekki óskað umsagna einstakra endurskoðunarskrifstofa. Þrátt fyrir það hafa endurskoðunarskrifstofurnar Deloitte hf., KPMG hf. og PricewaterhouseCoopers ehf. sammælt um að leggja fyrir nefndina athugasemdir þessar, megi það verða til þess að forða slysi við lagaseiningu.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum þar á meðal skattalögum. Athugasemdir þessar einskorðast við þær tillögur er að sköttum lúta. Fyrst og fremst eru gerðar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins er lúta að skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi, enda slyshættan þar mest. Einnig er þó vikið að þremur öðrum efnisþáttum frumvarpsins.

Háttvirt efnahags- og skattanefnd er minnt á að á s.l. vörþingi hafði hún til meðferðar frumvarp á þingskjali nr. 618, sem innhélt sömu tillögur um skattlagningu vaxtagreiðslna úr landi. Eftir gaumgæfilega athugun, eins og fram kemur í álitni nefndarinnar, lagði hún til að ákvæði þar um yrðu fæld úr frumvarpinu. Gekk það eftir. Nú hefur tillagan verið uppvakinn og verður ekki annað séð en á ferð sé sami draugurinn og fyrr og engu betri en þá.

#### **1.0. Afdráttarskattur af vaxtagreiðslum til erlendra aðila.**

Í frumvarpinu er lagt til að innleitt verði nýtt ákvæði þess efnis að aðilar sem hafa takmarkaða skattskyldu á Íslandi skuli sæta skattlagningu vegna vaxta sem þeir fá greidda hér á landi.

Tillagan er óbreytt frá fyrri birtingarmynd ef frá er talin merkingarlítil viðbót um að Ísland skuli ekki skattleggja vaxtagreiðslur úr landi þegar svo hefur verið samið um í tvísköttunarsamningi. Þá er lagt til að gildistöku verði flýtt frá byrjun ársins 2010 til september 2009. Greinargerðin með ákvæðinu er óbreytt og verður ekki séð að gaumur hafi verið gefinn að þeim athugasemdum og greinargerðum sem hagsmunaaðilar og sérfræðingar færðu fram á liðnu vori.

Endurskoðunarstofurnar vilja auk neðangreindra athugasemda vísa til þeirra athugasemda sem áður hafa komið fram um umrætt ákvæði, sbr. meðfylgjandi fylgiskjöl.

Stærstur gallin er að ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvort vextir skuli sæta nettó eða brúttó skattlagningar. Sá galli einn ætti að vera næg ástæða til þess að fella tillöguna úr frumvarpinu. En

tillagan er haldin fleiri ágöllum og gæti haft geigvænleg áhrif á íslenskt efnahagslíf. Verða nú raktir helstu ágallar annar vegar miðað við nettó skattlagningu og hins vegar miðað við brúttó skattlagningu.

### 1.1 Nettóskattlagning.

Ákvæði frumvarpsins og þá sér í lagi umfjöllun um 7. gr. þess bendir til þess að beita eigi almennt reglu um nettóskattlagningu lögaðila við skattlagningu vaxta sem greiddir eru erlendum lögaðilum. Þannig er byggt á þessari aðferð:

3. tölul. 70. gr. tskl: Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 71. gr. =>

1. mgr. 71. gr. tskl: Tekjuskattur lögaðila skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. skal vera 15% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tölul. 61. gr. =>

2. tölul. 61. gr. tskl: Tekjuskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr., telst tekjur skv. II. kafla að teknu tilliti til þess frádráttar sem heimilaður skv. 31. gr.

Með vísan til þessa ber einungis að leggja skatt á nettó vexti þessara aðila. Þetta þýðir jafnframt að ómögulegt er með öllu að taka skattinn af í staðgreiðslu enda getur greiðandi ekki vitað hvað lánveitandi fékk í hagnað af lánveitingunni. Þar með er líka kippt fótunum undan staðgreiðslunni því ekki er heimilt að taka hærri staðgreiðslu af þessum greiðslum en skýrt lagaákvæði tekjuskattslaga segir til um því lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, vísa beint í tekjuskattslög (nr. 90/2003) varðandi skattprósentu og stofn.

### 1.2 Brúttóskattlagning

Í frumvarpinu er því sem fyrr haldið fram að með innheimtu vaxta á greiðslur til erlendra aðila sé einungis verið að skipta skattlagningarréttinum á milli ríkja og tryggja það að eitthvað renni í ríkissjóð Íslands í stað annarra ríkja. Þá er því haldið fram að vegna tvísköttunarsamninga og/eða reglna í skattlöggjöf erlendra ríkja, sem kveða á um endurgreiðslu/frádráttarétt í heimaríki, ætti skattbyrði hins erlenda móttakanda vaxtatekna ekki að þyngjast og ætti ákvæðið þannig ekki að hafa áhrif á það vaxtastig sem innlendir aðilar bera. Þar sem frumvarpshöfundar virðast ekki enn átta sig á hvernig aflétting tvísköttunar virkar, þrátt fyrir útskýringar á fundum og í greinargerðum, vilja endurskoðunarstofurnar fara sérstaklega yfir þann þátt frekar með eftirfarandi dæmi:

Banki X er staðsettur í ríki X. Í ríki X eru í gildi sömu skattareglur og gilda á Íslandi.

Banki X veitir íslensku fyrirtæki lán og fær af þeirri fjárhæð 1.000 kr. í vaxtatekjur árlega.

Það er nánast almenn regla að fjármálastofnanir fjármagna sig með lánsfé sem þær lána svo áfram á hærri vöxtum og sá vaxtamismunur myndi tekjur fjármálastofnananna. Algengt er að slíkur mismunur sé um 5%. Í dæminu gefum við okkur því að vaxtabyrði bankans X af lánsfénu sem það lánaði áfram til íslenska fyrirtækisins sé 950 kr. Nettó tekjur bankans af láninu eru því 50 kr. (1.000 kr. í tekjur mínus 950 kr. í gjöld).

Skatthlutfallið í ríki X er 15%. Sá skattur sem bankinn X greiðir í ríkinu X af vaxtekjum sínum sem hann fékk greiddar frá Íslandi er því: 50 kr. \* 15% = 7,5 kr. Hámarks frádráttur eða endurgreiðsla sem ríkið X getur veitt bankanum X, vegna skattgreiðslna erlendis, á grundvelli

tvísköttunarsamninga eða innanlandslöggjafar, er því 7,5 kr. Það er sá skattur sem X á að greiða af tekjunum í sínu heimaríki. Ef ríkið X myndi veita skattendurgreiðslu eða frádrátt sem næmi hærri fjárhæð en 7,5 kr. væri ríkið X farið að fjármagna aukna skattlagningu annars ríkis. Endurskoðunarstofnunum er ekki kunnugt um neitt ríki sem gerir slíkt.

Hugleiðum nú skattlagninguna á Íslandi miðað við fyrirhugaðar breytingar. Til stendur að innheimta skatt á vaxtatekjur erlendra aðila í staðgreiðslu. Ekki er gerð frekari grein fyrir því í frumvarpinu hvernig standa skal að staðgreiðslunni. Endurskoðunarstofnurnar telja það geta komið til að skattstofninn verði brúttó fjárhæðin því framkvæmdarlega séð er ómögulegt fyrir staðgreiðsluríkið að innheimta nettó skatt eins og fjallað var um hér að ofan. Helgast það m.a. af því að móttakandi vaxtagreiðslunnar þyrfti að sýna fram á allan þann kostnað sem hann hefur af því að veita lánið og heimaríkið þyrfti að staðfesta þann kostnað. Hefur framkvæmdin því almennt verið sú að innheimta brúttó skatt. Skatthlutfallið yrði 15%, eða eftir atvikum sú prósentu sem tvísköttunarsamningur kveður á um reynist hún lægri.

Skattlagningin af vaxtatekjunum á Íslandi yrði því  $1.000 \text{ kr.} * 15\% = 150 \text{ kr.}$

Heildarskattlagning vaxtateknanna sem greiddar eru frá Íslandi og móttæknar eru í ríkinu X eru því  $150 \text{ kr. (á Íslandi)} + 7,5 \text{ kr. (í ríkinu X)} = 157,5 \text{ kr.}$  Eins og kom fram hér að ofan að þá getur ríkið X að hámarki endurgreitt/veitt frádrátt fyrir 7,5 kr. hvort sem í gildi er tvísköttunarsamningur eða endurgreiðsluheimildir í heimalöggjöf X. Heildarskattlagning vaxtateknanna af láninu til íslenska fyrirtækisins er því  $150 \text{ kr. (Íslandi)} + 0 \text{ (í ríkinu X)} = 150 \text{ kr.}$

Heildartekjur af láninu eru aftur á móti aðeins 50 kr.

Skattlagningin sem á sér stað á Íslandi er því þrefalt hærri heldur en tekjurnar sem bankinn X fær af því að lána íslenska fyrirtækinu.

Þar sem bankinn X tapar á því að lána til íslenska fyrirtækisins stendur hann frammi fyrir því að (1) hætta að lána til Íslands eða (2) hækka vexti á íslenska félagið til að mynda meiri hagnað sem nemur auknum skatti.

Sú staðhæfing í frumvarpinu að skattbyrði móttakanda vaxtateknanna muni ekki hækka og að umræidd breytingin ætti því ekki að hafa áhrif á það vaxtastig sem íslenskir aðilar bera, á því ekki við rök að styðjast. Vekur það furðu að fjármálaráðuneytið, sem fer með tvísköttunarsamningsmál á Íslandi, átti sig ekki á grundvallaratriðum um afléttingu tvísköttunar, eftir að hafa margsinnis fengið ábendingar bæði munnlega og skriflega. Sú spurning hlýtur að vakna hvort tilgangurinn sé annar en látið er uppi.

### 1.3. Hugsanleg brot á Evrópurétti.

Annað umhugsunarefni snýr að erlendum aðilum sem heimilisfastir eru á Evrópska efnahugssvæðinu (EES) og hafa vaxtatekjur á Íslandi. Telja verður að ef slíkir aðilar verði ekki skattlagðir nettó af vaxtatekjum sínum, þ.e. að þeim verði ekki heimilaðir allir þeir sömu frádráttir sem íslenskum aðilum eru heimilaðir, þá geti verið um að ræða brot á EES samningnum. Dæmi um dóma dómstóls Evrópusambandsins þar sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa verið talin brjóta gegn reglum Evrópusambandsins vegna þess að þau

skatta innlenda aðila nettó en erlenda aðila brúttó eru t.d. Gerritse málið (C-234/01), Bouanic málið (C-265/04) og Scorpio málið (C-290-04). Sum ríki hafa komið í veg fyrir mismunun með því að bjóða erlendum aðilum sem heimilisfastir eru á EES upp á þann kost að sæta nettó skattlagningu. Hinir erlendu aðilar hafa þá val um brúttó eða nettó skattlagningu.

Mismunun og brot á EES samningnum munu kalla á málaferli frá aðilum innan EES. Aðilar sem brotið verður á munu væntanlega leitast eftir því að ná fram rétti sínum. Telja verður að frekari brot Íslands á skuldbindingum sínum skv. samningnum um EES séu ekki til þess fallin að bæta ímynd Íslands á erlendum vettvangi auk þess sem kostnaður sem íslenska ríkið yrði fyrir vegna málaferla og endurgreiðslna á ofteknum sköttum gæti orðið umtalsverður. Þá væri betur heima setið en af stað farið.

Einnig vekur athygli að í nýundirrituðum samningi um Icesave er ákvæði um að greiðslur verði án frádráttar vegna staðgreiðsluskatts og er hér vísað til ákvæða 8.4 og 9.4 í samningnum, en þar kemur skýrt fram að ef tryggingasjóðurinn eða Ísland þarf að sæta slíkri skattlagningu muni það ekki koma til frádráttar við greiðslu, m.ð.o. sjóðurinn eða Ísland muni því bera þann skatt. Hins vegar hefur Ísland gert tvísköttunarsamning bæði við Bretland og Holland og eru vaxtaákvæði þeirra þannig að einungis megi skattleggja vextina í heimilisfestisríki móttakanda.

#### **1.4. Tillögur að breytingu á ákvæðinu.**

Það er yfirlýst markmið með innleiðingu ákvæðisins að stemma stigu við skattaundanskoti. Eins og ákvæðið er orðað í frumvarpinu tekur það hins vegar til allra vaxtagreiðslna til erlendra aðila. Það hefur oft verið nefnt að ef ákvæðið er innleitt eins og lagt er til í frumvarpinu, sé verið að slátra hjörðinni vegna fárra svartra sauða.

Endurskoðunarstofurnar vilja benda á hvernig sambærilegt ákvæði hefur verið innleitt í danskan rétt. Það ákvæði er sniðið til að taka á skattaundanskoti til skattapardísa en á ekki við þegar um eðlileg viðskipti er að ræða.

Samkvæmt dönskum skattalögum eru vextir greiddir til lögaðila utan Danmerkur almennt ekki skattlagðir. Þó er ákvæðið þannig að leggja skuli 25% staðgreiðsluskatt á vexti greidda til tengdra erlendra aðila ef 1) starfsemi móttakanda er skattlögð með mun lægri skatti en væri hún í Danmörku og 2) ef starfsemi hins erlenda aðila er að mestu leyti fjármálalegs eðlis. Samkvæmt dönskum skattalögum er jafnframt tekið fram að slíkur skattur sé ekki lagður á ef:

1. tengdi aðilinn er undanþeginn skv. vaxta og þóknana tilskipun Evrópusambandsins eða er frá landi sem Danmörk hefur gert tvísköttunarsamning við;
2. tengdi aðilinn falli undir svokallað CFC ákvæði (nýbúið að setja slíkt ákvæði í íslensku tekjuskattslögin sbr. 57. gr. a) enda er þá búið að skattleggja tekjurnar hérlendis.

#### **2.0 Sérstakur skattur á launatekjur manna.**

Í 2. mgr. I. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, verði aukið ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: „*Við álagningu gjalda árið 2010 skal leggja sérstakan 8% tekjuskatt á tekjuskattsstofn einstaklings umfram 4.200.000 kr. á tímabilinu frá 1. júlí til 31. desember 2009.*” Í II. ákvæði til bráðabirgða er lagt til að við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu

opinberra gjalda, verði aukið svohljóðandi ákvæði um innheimtu þessa skatts í staðgreiðslu: „Frá og með 1. júlí til 31. desember 2009 skal launagreiðandi reikna til viðbótar staðgreiðslu skv. 15. gr. laga þessara sérstakan 8% tekjuskatt af launum umfram 700.000 kr. á mánuði hjá hverjum einstaklingi.”

Skattur sem þessi er ekki nýmæli. Kveðið var á um sambærilegan skatt í III. ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 65/1997, er breyttu þágildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981. Ástæða er til að bera saman þau ákvæði og þau sem nú eru lögð til. Samkvæmt hinum eldri ákvæðum skyldi sérstakur 7% tekjuskattur reiknaður af tekjuskattsstofni einstaklings yfir tiltekinni fjárhæð eða tekjuskattsstofni hjóna yfir tvöfaldri þeirri fjárhæð. Með þeim ákvæðum sem nú eru lögð til er hverjum manni ætlað að sæta skattlagningu tekna sinna yfir tiltekinni fjárhæð, óháð hjúskaparstöðu mannsins og tekjum maka hans eða sambyltings á sama tíma. Í tillögnum nú er ekki horft til heildartekna hjóna og annars samskattaðs fólks líkt og fyrr var gert. Þetta kann að stríða gegn réttlætiskennnd fólks, ekki síst nú á tímum sívaxandi atvinnuleysis. Í því sambandi má taka eftirfarandi dæmi:

Hjón hafa hvort um sig 600.000 kr. laun á mánuði. Haldi þau bæði vinnu og launum út yfirstandandi ár koma þau ekki til með að bera þann sérstaka skatt sem lagður er til. Missi annað þeirra vinnu sína og laun frá 1. júlí n.k., er við því að búast að hitt hjónanna auki vinnu sem frekast er kostur til að fjölskyldan geti staðið við skuldbindingar sínar og brauðfætt sig. Aukist laun af þessum sökum þannig að umfram verði 700.000 kr. á mánuði kemur til þess að hjónin bera þann sérstaka skatt sem lagður er til og það eins þótt heildar tekjur þeirra hafi lækkað. Leggi það hjónanna sem vinnu heldur á sig það mikla aukna vinnu að samanlagðar launatekjur þess og atvinnuleysisbætur makans ná 1.200.000 á mánuði verður skattbyrði fjölskyldunnar stórum meiri en ef bæði hefðu haldi vinnu sem skilað hefði þeim jafnháum samanlögðum tekjum.

Það má með rökum halda því fram að skatturinn, eins og hann er lagður til, muni harðast bitna á þeim fjölskyldum þar sem annar makinn hefur misst vinnu. Hið eldra fyrirkomulag að miða sérstakan skatt við samanlagðar tekjur hjóna, eða annars samskattaðs fólks, hefði ekki slík óæskileg áhrif. Með því móttinu væri horft til fjölskyldu sem einnar fjárhagslegrar einingar í ljósi þeirrar staðreyndar að atvinnuþátttaka beggja maka er meginregla í íslensku samfélagi.

### 3.0. Sérstakur skattur á fjármagnstekjur.

Í 3. mgr. I. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að tímabundið verði skattur á fjármagnstekjur manna 15% í stað 10%. Í ákvæðinu er m.a. að finna svohljóðandi tillögu: „Þó skal tekjuskattur ávallt reiknast af 70% hundraðshluta framtalinna leigutekna.” Tillaga þessi er hvergi nærri svo skýr sem gera verður kröfu um. Fyrir það fyrsta er tiltekið að tekjuskattur skuli reiknaður af hluta leigutekna án þess tiltekið sé hve háu hlutfalli sá skattur skuli nema. Til álita koma þrjú skatthlutföll. Af því í hvaða samhengi tillagan er sett fram má ætla að átt sé við 15% skatt. Þar sem 10% er almennt skatthlutfall fjármagnstekna manna má ætla að átt sé við 10% skatt. Í þriðja lagi er unnt að skilja orðalagið á þann veg að átt sé við 24,1% skatt, sem er almennt skatthlutfall annarra tekna manna en fjármagnstekna. Í öðru lagi er orðalagið „70% hundraðshluta” til þess fallið að skapa ágreining. Þar sem táknið % stendur fyrir hundraðshluta er samkvæmt orðanna hljóðan lagt til að 70 tíuþúsundustu hlutar (70/10.000) leigutekna sæti skattlagningu. Þrátt fyrir að engar visbendingar komi fram um það í athugasemdum fraumvarpsins, er ekki fráleitt að ætla að meiningin sé sú að 70 hundraðshlutar leigutekna sæti skattlagningu. Í þriðja lagi er af orðalaginu

ekki ljóst hvort sá hluti leigutekna, sem ekki skal skattlagður með þeim hætti sem lagður til, skuli ekki skattlagður eða skattlagður samkvæmt almennum reglum, þ.e. skuli sæta 10% skattlagningu. Í fjórða lagi er óljóst hver merking orðsins „ávallt“ er í tillögunni. Skilja má orðið svo að lagt sé til að umrædd skattlagning hluta leigutekna skuli ekki vera tímabundin. Af samhenginu má þó fremur ráða að skattlagningu þessari sé ætlað að vera tímabundinni. Í fimmta lagi kann að orka tvímælis hvað átt er við með því að tiltaka sérstaklega að umrædd skattlagning skuli taka til „*framtalinna*“ leigutekna. Hugsanlega má skilja orðalagið þannig að umræddri skattlagningu sé því aðeins ætlað að taka til leigutekna að þær séu réttilega fram taldar í skattframtali, en ákvörðun skatts skuli vera með öðrum hætti við endurákvörðun gjalda vegna vantalinna leigutekna. Hver sem meining flutningsmanns tillögunar kann að vera, verður að vara við því að lögfesta tillöguna með því orðalagi sem flutningsmaður leggur til.

Í 4.mgr. I. ákvæðis til bráðabirgða er lagt til að skattur á arðstekjur, og eftir því sem við á aðrar fjármagnstekjur tiltekinnna lögaðila, verði 15% í stað 10%. Um er að ræða annars vegar fjármagnstekjur lögaðila sem almennt eru undanþegnir tekjuskatti og hins vegar arðstekjur almennt skattskylda innlenda lögaðila annarra en þeirra sem eigendur bera takmarkaða ábyrgð á. Varðandi þá síðar nefndu er ástæða til eftirfarandi athugasemda. Í gildandi lögum er lögaðilum af þessum toga aðeins gert að greiða 10% tekjuskatt af arði, sem þeir fá frá félögum með takmarkaðri ábyrgð eigenda, en ekki 23,5% skatt eins og af öðrum tekjum sínum. Helgast það af því að arðurinn er greiddur af fé sem sætt hefur 15% skattlagningu í hendi þess félags sem arðinn greiðir. Hverjar 100 kr. sem mynda grundvöll arðgreiðslu sæta 15 kr. (15%) skattlagningu hjá félaginu sem arðinn greiðir. Þær 85 kr. sem þá standa eftir og koma til arðsúthlutunar sæta 8,5 kr. (10%) skattlagningu í hendi móttakanda arðsins. Samtals sæta hverjar 100 kr. því 23,5 kr. skattlagningu, sem er sama skattlagning og annars konar tekjur sæta í hendi umræddra félaga. Með tillögu frumvarpsins er vikið frá þessu samræmi í skattlagningu tekna og lagt til að arðstekjur umræddra félaga sæti meiri skattlagningu en aðrar tekjur þeirra. Rökrænar forsendur þess verða ekki séðar.

#### 4.0. Heimild til beitingu dagsekta.

Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til að ríkisskattstjóra verði falin heimild til að ákvarða þeim dagsektir sem ekki stendur skattyfirvöldum skil á gögnum sem þau krefjast í þágu skatteftirlits. Lagt er til að dagsektir geti numið frá 10.000 kr. til 1.000.000 kr. á dag. Lagt er til að ákvæði þessa efnis verði aukið við 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem kveður á um almenna skyldu til að láta skattyfirvöldum í té upplýsingar og gögn, óháð því hvort upplýsingarnar varða þann sem krafinn er upplýsinga eða einhvern annan. Hér er því að ræða mjög víðtæka upplýsingaskyldu sem nær til allra manna og lögaðila. Af þessu tilefni þykir ástæða til að benda á eftirfarandi:

Tillaga frumvarpsins innheldur engin efnisatriði um það hvernig staðið skuli að ákvörðun dagsekta, undirbúningi þeirrar ákvörðunar, eða með hvaða hætti hún skuli tilkynnt. Þannig tryggir tillagan ekki að ríkisskattstjóri kanni hverjar ástæður kunna að valda að upplýsingar hafa ekki verið veittar. Ekki er gert ráð fyrir að þeim sem dagsekt beinist að verði gert kleift að bera hönd fyrir höfuð sér áður en ákvörðun er tekin.

Lagt er til að ríkisskattstjóra verði heimilt að ákvarða dagsektir „*á virtum ákvæðum 8. mgr.*“. Er þar vísað til 6. mgr. gildandi 94. gr. laga nr. 90/2003 þar sem kveðið er á um að ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri ríkisins geti leitað úrskurðar héraðsdóms um upplýsingaskyldu og

jafnframt að vísa megi máli til opinberrar rannsóknar sé upplýsingaskyldu ekki sinnt. Af athugasemdum frumvarpsins má ráða að dagsektum er ætlað að leiða til þess að síður þurfi til að koma til opinberrar rannsóknar. Þá kemur í athugasemdunum að ríkisskattstjóra er ætlað að geta beitt dagsektum þótt ekki sé uppi ágreiningur um skilaskyldu sem leita þarf með til dómstóla til úrlausnar.

Svigrúmi ríkisskattstjóra til ákvörðunar fjárhæða dagsekta er ætlað að verða mikill. Tillagan innheldur þó engar leiðbeiningar um hvernig því svigrúmi skuli beitt. Í tillögunni kemur ekkert fram um það hvort ákvarðaðar dagsektir skuli falla niður beri þær þann tilætlaða árangur að upplýsingaskyldu sé sinnt. Þá er í tillögunni ekkert um það að finna hvernig innheimtu dagsekta skuli háttað eða hvert féð skuli renna.

Í frumvarpinu er lagt til að fjármálaráðherra verði með heimilað að kveða á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð. Verði tillaga þessi að lögum verður að telja það ákaflega rúmt framsal á ákvörðunarrétti frá lögjafanum til framkvæmdavaldsins, svo efnislega rýr sem tillagan er.

*Virðingarfyllst,*

---

Símon Þór Jónsson, KPMG hf.

---

Vala Valtýsdóttir, Deloitte

---

Elín Arnadóttir, PwC